



Unalinqarnir una nú alaðir við sitt með tilkomu Fjörheima.

Félagsmiðstöðin Fjörheimar opnar í Njarðvík

Laugardaginn 26. nóv. sl. var opnuð félagsmiðstöð fyrir unglinga í félagsheimilinu Stapa í Njarðvík. Gengið er inn í hana litla sals megin.

Aðdragandi þessara framkvæmda var sá, að á fyrsta fundi núverandi æskulýðsráðs var strax rætt um þörf á slíkum stað fyrir unglinga í Njarðvík. Þegar farið var að leita að húsnæði sem hentugt yrði,

kom trönusalur Stapan fljótlega til umræðu.

Var haft samband við Torfa Jónsson, forstöðumann, og kom þá í ljós að hann hafði verið með svipaðar hugmyndir um áður nefndan sal. Að fengnu leyfi hjá eignaraðilum var hafist handa við framkvæmdir, sem æskulýðsráð fjármagnaði. Framkvæmdir lágu þó niðri sl. sumar af ýmsum ástæðum, en seinni part nóvembermánaðar var hafist handa að nýju og hefur verið unnið flest kvöld og flestar helgar síðan. Mest öll vinna við staðinn var í höndum nokkurra ungl-

inga, sem var öll í sjálfboðavinnu. Einnig lögðu nokkrir aðilar í bænum hönd á plógin og má þar nefna þá Halldór og Oliver sem unnu við múrverk, Guðjón Helgason lagði parket, Borgar Jónsson sá um lakkvinnu og þeir Ingólfur Bárðarson og Arnar Ingólfsson lögðu rafmagn og gáfu allt efni þar að lútandi. Trésmiðja Arnars Jónssonar sá um smíði á plötusnúðaklefa og væntanlegri sælgætissölu. Allir fyrrnefndir aðilar gáfu sína vinnu og eiga þakkir skilið fyrir framlag sitt í þágu æskunnar.

Til að byrja með verður opnunartími sem hér segir:

Þriðjudaga, opið hús frá kl. 20-23 fyrir 13-16 ára.

Fimmtudaga, opið húsdiskótek frá kl. 20-23, fyrir 10-12 ára.

Föstudaga og laugardaga, diskótek frá kl. 21-01, fyrir 13-16 ára.

Sunnudaga, einu sinni í mánuði kl. 15-17, fyrir 7-9 ára.

Allar skemmtanir verða svo auglýstar nánar þegar að þeim kemur. Öll vinna á staðnum verður í höndum 30 unglinga, sem skipt er í 4 hópa og sér hver hópur um viku í senn. Öll umsjón og rekstur á staðnum verður í höndum Æskulýðsráðs og Grunnskóla Njarðvíkur.

Áf gefnu tilefni skal það tekið fram, að vín og tóbak er **bannvara** á þessum stað. Vil ég að lokum óska bæjarbúum í Njarðvík til hamingju með þennan stað og vona að unglिंगarnir noti hann vel og njóti góðs af.

F.h. æskulýðsráðs,

**Guðmundur
Sigurðsson**